

Fundargerð

Hópur: Stýrihópur um heildstæðan unglingaskóla í sunnanverðum Grafarvogi – fyrsti fundur.

Starfsmaður: Ásgeir Björgvinsson Menntasviði sem ritaði fundargerð.

Fundardagur: 6. september 2011

Tími: 15:00-16:35

Fundarstaður: Foldaskóli

Viðstaddir:

Frá Foldaskóla

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson skólastjóri

Kristrún Guðjónsdóttir fulltrúi starfsmanna

Hlédís Sigurðardóttir fulltrúi foreldra

Viðar Karlsson fulltrúi foreldra

Frá Hamraskóla

Yngvi Hagalínsson skólastjóri

Guðríður Guðfinnsdóttir fulltrúi starfsmanna

Elín Hjálmsdóttir fulltrúi foreldra

Frá Húsaskóla

Valgerður Selma Guðnadóttir skólastjóri

Sesselja Þorbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna

Haraldur Sigurðsson fulltrúi foreldra

Magnea Lena Björnsdóttir fulltrúi foreldra

Frá Þjónustumiðstöð Grafarvogs – Miðgarði

Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdastjóri

Frá Frístundamiðstöðinni Gufunesbær

Hulda Valdís Valdimarsdóttir deildarstjóri unglingastarfs

Frá Menntasviði

Auður Árný Stefánsdóttir formaður stýrihóps

Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi

Hildur Sigurðardóttir mannauðsráðgjafi

Hildur Björk Svavarsdóttir deildarstjóri Tölfræði – og rannsóknþjónustu Menntasviðs var gestur á fundinum.

Verkefni og markmið fundar:

- Kynning á verkefni starfshóps og dreifing á erindisbréfi.
- Almennar umræður um verkefni hópsins og kynning á vinnuskipulagi vegna vinnu hans.
- Dreifing á nemendatölum fyrir skólaárið 2010-2011 og nemendspá 2011-2015 ásamt kynningu á nemendaspám miðað við ólíkar forsendur.
- Ákvarðanir um fundartíma starfshópsins.

Þetta gerðist:

1. Auður Árný formaður hópsins las tillögu Menntaráðs um breytingu á Foldaskóla í heildstæðan safnskóla á unglíngastigi og flutning nemenda í 8. – 10. bekk úr Hamraskóla og Húsaskóla.
2. Erindisbréfi stýrihópsins var dreift og las formaðurinn það upp. Engar athugasemdir voru gerðar við erindisbréfið.
3. Auður Árný sagði frá upplýsingum um stýrihópin á heimasíðu Reykjavíkurborgar og frá upplýsingapóstum sem sendir verða á starfsmenn skólanna þriggja og foreldra. Í póstunum verður reglulega sagt frá starfi hópsins.
4. Hildur Björk deildarstjóri Tölfræði - og rannsóknþjónustu Menntasviðs dreifði nemendaspá til hópsins og sagði frá því út frá hvaða forsendum hún er unnin. Fram kom að spárnar eru gerðar einu sinni á ári fyrir hvern skóla en vegna þeirra skóla sem á næstunni eru að fara í gegnum kerfisbreytingar, verði líklega gerðar einhverjar aukaspár.
5. Almennar umræður. Eftirfarandi kom fram í almennum umræðum um verkefni starfshópsins:
 - Gagnrýnt var að ekki væri búið að taka ákvörðun um hvernig skólastarf yrði í framtíðinni í Hamraskóla og Húsaskóla. Gagnrýnt var að hópurinn fengi ekki upplýsingar um hvað væri fyrirhugað í þeim efnum.
 - Rætt var um að nýta yrði vel yfirstandandi skólaár vel til undirbúnings við stofnun safnskóla í Foldaskóla. Vangaveltur voru um hvort aukafjárveiting fengist til að hrista nemendahópinn í skólunum þremur saman og vegna samgangna.
 - Fulltrúar frá Hamraskóla sögðu frá einhverfudeild skólans og lögðu áherslu á að sérstaklega yrði hugað að þeim sérúrræðum sem skólarnir þrír byðu uppá fyrir nemendur.
 - Upp kom sú hugmynd að hópurinn myndi skoða Árbæjarskóla þar sem hann er eini heildstæði safnskólinn í Reykjavík.
 - Sú skoðun kom fram að félagsmiðstöðvarnar í skólunum ættu að gegna lykilhlutverki í breytingaferlinu og að mikilvægt væri að nemendur úr skólunum þremur kynntust vel strax í vetur.

- Velt var upp kennslufræðilegum áherslum í heildstæðum safnskóla og spunnust umræður um nauðsyn þess að samræma kennslu á miðstigi í skólunum þremur í framtíðinni.
 - Spurt var hvort hægt væri í heildstæðum safnskóla í Foldaskóla, að aðgreina unglingadeildina með afgerandi hætti frá yngri stigunum. Þannig væru meiri líkur á því að nemendur úr öllum skólunum þremur stæðu jafnar þegar þau byrjuðu í sameinuðu unglingadeildinni.
 - Rætt var um ferðalög nemenda og hvort mögulegt væri að nemendur skólanna þriggja gætu í vetur farið saman í ferðalög. Vangaveltur voru um fjármögnun slíkra ferðalaga.
 - Umræða var um mikilvægi þess að virkja nemendur til þátttöku í breytingarferlinu.
6. Formaður hópsins kynnti drög að verkefnalista vegna vinnu hópsins í breytingarferlinu.
7. Rætt var um fundartíma hópsins.

Eftirtaldar ákvarðanir voru teknar:

- Næsti fundur verður þriðjudaginn 20. september kl. 16.00 í Foldaskóla. Stefnt að heimsókn/fundi í Árbæjarskóla þriðjudaginn 4. október.
- Á næsta fundi fer fram verkefnagreining.